

WASHINGTON IRVING

Rip Van Winkle Eftirlátin skrif Diedrichs Knickerbrockers

Óðinn hjálpi mér, guð Saxa,
hvaðan kemur miðvikudagur, það vill segja óðinsdagur,
sannleikann mun ég ævinlega í heiðri halda
þar til ég skríð einn daginn ofan í
grafhvelfinguna mína
Cartwright

[Eftirfarandi frásögn fannst í fórum Diedrichs heitins Knickerbrockers, heiðursmanns frá New York, sem var afar áhugasamur um sögu Hollendinga í héraðinu, sem og síði afkomenda fyrstu landnámsmannanna. Eftirgrennslan hans beindist hins vegar síður að bókum en mönnum; því það fyrrnefnda er af hryggilega skornum skammti þegar kemur að eftirlætisviðfangsefnum hans; en aftur á móti reyndust gömlu borgararnir, og þá sér í lagi eiginkonur þeirra, vera hafsjór af þeim þjóðlega fróðleik sem er sannri sagnaritun ómetanlegur. Hvenær sem á vegi hans varð ósvikin, hollensk fjölskylda sem hafði hreiðrað um sig í lágreistum bóndabæ, undir víðfeðmum garðahlyni, leit hann á hana sem lítið ritmálshefti, krækt aftur með hespu, og lagðist yfir það af ákafa bókaormsins.

Afrakstur allra þessara rannsókna var saga héraðsins á valdatíma hollensku landstjórnanna, sem hann gaf út nokkrum árum síðar. Skiptar skoðanir hafa verið um bókmenntalegt gildi verksins og satt að segja er það engu skárri en vænta mátti. Helsti kostur þess er hin mikla nákvæmni, sem var að sönnu dregin ofurlítið í efa fyrst eftir að það kom út, en þykir óvæfengjanleg í seinni tíð; og nú er því

tjaldað í öllum yfirlitsritum um sagnfræði sem óumdeilanlegrar heimildar.

Gamli maðurinn dó skömmu eftir að verkið kom út; og nú þegar hann hefur safnast til feðranna, getur það vart skaðað minningu hans þótt sagt sé að hann hefði betur varið tíma sínum við þarfari iðju. Hann var hins vegar alltaf við sama heygardshornið; og þó að hann hefði öðru hverju þyrlað dálitlu ryki í augu nágranna sinna, og skapaunað sumum vina sinna, sem hann bar virðingu fyrir og var hlýtt til, er afglapa hans og gönuhlaupa „frekar minnst með eftirsjá en reiði“ og sá grunur læðist nú að mönnum að hann hafi aldrei ætlað að móðga neinn. En hvernig sem gagnrýnendur kunna að fara með minningu hans hafa margir málsmetandi menn dálæti á honum; einkum vissir kexframleiðendur sem hafa gengið svo langt að stimpla mynd af honum á nýárskökurnar sínar; og hafa með þeim hætti stuðlað að ódauðleika hans sem jafngildir því eða svo gott sem að vera þrykktur á Waterloo-medalíu ellegar mynt Önnu drottningar.}]

Hver sá sem hefur ferðast upp með Hudsonánni hlýtur að muna eftir Kaatskillfjöllum. Þau eru afskorin grein af hinni miklu Appalachiafjölskyldu og sjást teygja sig upp í tignarlega hæð vestan megin árinna og gnæfa yfir landið í kring. Sérhver árstíðaskipti, sérhver veðrabrigði, svo að segja hver dagstund, veldur einhverjum breytingum á hinum yfirnáttúrulega blæ og brag þessara fjalla, og allar góðar eiginkonur nær og fjær líta á þau sem fullkomnar loftvogir. Þegar bjart er í veðri og stillt eru þau sveipuð bláu og purpurarauðu og þrykkja sverar útlínur sínar á heiðan kvöldhimininn; en stundum, þegar hvergi er annars skýhnoðra að sjá, skryðast tindarnir hetti úr gráu mistri, glóa þar og blika eins og mikilfengleg kóróna í síðustu geislum kvöldsólarinnar.

Við rætur þessara töfrafjalla kann ferðalangurinn að hafa komið auga á ljósan reyk liðast upp frá þorpi þar sem glampar á þakskífur inni á milli trjáanna, einmitt þar sem blámi upplendisins rennur saman við frísklega grænkuna í landinu nær. Þetta er lítið þorp, mjög gamalt því nokkrir hollenskir landnemar reistu það á árdögum héraðsins, einmitt þegar hin góða stjórn Peters Stuyvesants (megi hann hvíla í friði!) var nýtekin við, og fáum árum síðar höfðu

fyrstu landnemarnir reist sér þar hús úr smáum, gulum múrsteini frá Hollandi. Þau sneru göflunum fram, voru með rimlagluggum og vindhönum á mæninum.

Í þessu sama þorpi, og í einu af þessum húsum (sem var því miður niðurnítt og veðurbarið, svo ekkert sé undan dregið), bjó fyrir mörgum árum, meðan landið var ennþá undir Stóra-Bretlandi, einfaldur og hjartahlýr náungi, Rip Van Winkle að nafni. Hann var afkomandi Van Winkle-fólksins sem gekk fram af svo mikilli hugþryði á dögum Peters Stuyvesants, þegar riddarar riðu um héruð, og var með honum í umsátrinu um Fort Christina. Hann erfði hins vegar ekki nema brot af vígahug forfeðra sinna. Ég gat þess að hann hefði verið einfaldur og hjartahlýr maður; það var hann og þar að auki góður granni, sem og hlýðinn og kúgaður eiginmaður. Það síðastnefnda kann að stafa af mildinni sem aflaði honum hvarvetna vinsælda; því þeir sem skassið temur heima fyrir eru manna líklegastir til þess að vera þræslundaðir og friðsamir úti í bæ. Þeir verða án efa sveigjanlegri og eftirgefanlegri eftir að hafa skírst í hinum heita ofni andstremmisins heima fyrir; og skammaræða eigin konu í einrúmi tekur öllum heimsins stólræðum fram þegar kemur að því að innprenta dyggðir á borð við þolinmæði og langlundar-ged. Pilsvarg má því í vissum skilningi telja þolanlega blessun; og ef sú var raunin þá hafði Rip Van Winkle hlotið þrefalda blessun.

Hann var sannarlega í hávegum hafður hjá öllum góðu eigin konunum í þorpinu sem tóku ævinlega málstað hans í heimiliserjum, eins og títt er um elskulegra kynið; og brást aldrei að þær skelltu skuldinni alfarið á frú Van Winkle þegar þær ræddu þessi mál sín á milli að afliðnum degi. Börnin í þorpinu fögnuðu honum líka vel þegar hann birtist. Hann gerði sitt til að þau gætu haft ofan af fyrir sér, bjó til leikföng handa þeim, kenndi þeim að fljúga flugdrekum og spila keiluspil og tók sér tíma til að segja þeim sögur af draugum, nornum og indíánum. Þegar til hans sást hópuðust þau að honum, héngu í jakkalöfum hans, klifruðu upp á bakið á honum og komust upp með að beita hann alls kyns brögðum; og ekki fannst sá hundur í nágrenninu sem gelti á hann.

Sá var ljóður á ráði Rips að hann var allsendis fráhverfur ærlegri vinnu af öllu tagi. Það gat ekki stafað af framtaksleysi eða skorti á þolgæði, því hann átti það til að sitja á blautum steini, með stöng

sem var álíka löng og þung og lensa Tartaramanns, og renna fyrir fisk dagana langa án þess að æmta, jafnvel þótt hann yrði ekki svo mikið sem var. Hann átti það til að þramma um skóga og mýrar tímunum saman með byssu um öxl, upp á hæð og niður í dal, til að skjóta nokkra íkorna eða villidúfur. Hann sagði aldrei nei þegar nágrannar leituðu til hans, sama hversu mikið erfiði verkefnið útheimti, og gekk manna harðast fram við að þreskja maís í góðum hóp, eða hlada garð; konurnar í þorpinu voru líka vanar að fá hann í snúninga og lítil viðvik sem síður greiðviknir eiginmenn kærðu sig ekki um. Snöggt að segja var Rip tilbúinn að sinna öllum viðvikum nema sínum eigin; en þegar kom að búsonnum og skyldum hans sem fjölskylduföður var hann alveg duglaus.

Hann lýsti því satt að segja yfir að ekki væri til neins að taka til hendinni á bænum; þetta væri mesta óræktarbæli í öllu landinu; þar færi allt úrskaiðis, og mundi fara úrskaiðis, hvernig sem hann legði sig fram. Garðarnir hans voru alltaf að hrynja; kýrin hans týndist ýmist eða fór í kálið; illgresið óx hraðar á ökrunum hans en annars staðar; það fór alltaf að rigna þegar hann þurfti að sinna útverkum; og þó að föðurleifið hans hefði rýrnað í hans umsjá, ekru fyrir ekru, uns ekkert var eftir annað en smáskiki með maís og kartöflum, var þetta verst hirta búíð í sveitinni.

Börnin hans voru líka tötraleg og óstýrilát, rétt eins og enginn ætti þau. Rip sonur hans, lítill snáði sem var lifandi eftirmynd hans, virtist ætla að erfa siði föður síns með gömlu fótunum hans. Hann sást vanalega tölta eins og folald á eftir móður sinni, í víðum pokabuxum sem faðir hans hafði lagt af og hann hafði mikið fyrir að halda uppi með annarri hendinni, eins og fín frú heldur uppi síðum pilsfaldi í slæmu veðri.

Þrátt fyrir þetta var Rip Van Winkle einn af þessum glöðu mönnum, þessum fátáðu ljúflingum sem taka lífinu létt, borða fínt brauð eða gróft, allt eftir því hvort kostar minni fyrirhöfn og hugsun, og hefðu heldur dregið fram lífið á hungurlús en að vinna fyrir sér. Ef enginn hefði abbast upp á hann hefði hann blístrað frá sér lífið í fullkominni sátt; en konan hans jós sér stöðugt yfir hann fyrir dáðleysi, fyrirhyggjuleysi og þá ógæfu sem hann kallaði yfir fjölskylduna. Frá morgni til kvölds lét hún dæluna ganga og allt sem hann sagði eða gerði á heimilinu kallaði undantekningarlaust

yfir hann mikinn orðaflaum. Rip svaraði öllum þessum reiðilestrum aðeins á einn hátt og það var komið upp í vana sökum þess hve oft hann beitti því fyrir sig. Hann yppti öxlum, hristi höfuðið, lyfti augunum til himins, en sagði ekki stakt orð. Þetta framkallaði ævinlega nýja holskeflu frá konunni; svo hann neyddist til að draga sig í hlé og bregða sér út undir húsgaflinn – en það er eini gaflinn sem heita má athvarf kúgaðs eiginmanns.

Sá eini sem var Rip hliðhollur á heimilinu var hundurinn hans, Úlfur, sem var ekki síður kúgaður en eigandinn; því frú Van Winkle leit á þá sem fóstbræður í dádleysinu og hafði jafnvel illan bifur á Úlfi, eins og það væri honum að kenna að eigandinn villtist svona oft af leið. Rétt er það í öllum atriðum, í anda sem hæfir heiðvirðum hundi, að hann var ekki síður hugrakkur en önnur dýr sem um skógana þeystu; en hvaða hugrekki stenst sífella og linnulausa ásókn kvenmannstungu? Um leið og Úlfur kom inn í húsið varð hann lúpulegur, skottið fór að lafa niður á gólf eða hringast milli fóta, hann læddist um eins og í dauðs manns gröf, gaut oft augunum á frú Van Winkle sem mátti vart hreyfa sóp eða sleif án þess að hann æddi ýlfrandi fram að dyrum.

Það seig sífellt á ógæfuhliðina fyrir Rip Van Winkle eftir því sem hjúskaparárunum fjölgaði; geðvonska rætist ekki af fólki með aldrinum og hvöss tunga er eina beitta áhaldið sem skerpist við notkun. Þegar hann hraktist að heiman hafði hann löngum leitað athvarfs hjá sístarfandi hópi vitringa, heimspekinga og annarra dádleysingja í þorpinu, sem fundaði á bekk fyrir utan litla krá, auðkennda með rauðleitri andlitsmynd af hans hátign Georg þriðja. Þar sátu þeir makindalega í forsælunni sumardagana langa, ræddu þorpsslúðrið af takmarkaðri innlifun eða sögðu langdregnar sögur af svo sem ekki neinu. En hvaða stjórnmalamaður sem var hefði gefið mikið fyrir að heyra hinar djúpvitru samræður sem stundum tókust með þeim þegar ferðamaður á leið um lét þeim fyrir tilviljun í té gamalt dagblað. Hversu alvarlegir hlustuðu þeir ekki á innihaldið, sem Derrick Van Bummel, skólastjórinn, las á sinn dragmelta hátt, vel til hafður maður, lágur vexti, sem lét ekki lengsta orðið í orðabókinni slá sig út af laginu; og hversu viturlega rökræddu þeir ekki opinbera atburði nokkrum mánuðum eftir að þeir urðu.

Skoðunum lagsbræðranna var algjörlega stýrt af Nicholas

Vedder, virðulegasta öldungnum í þorpinu, og eiganda krárinna, en í dyragætt hennar sat hann frá morgni til kvölds, hreyfði sig ekki nema til þess að halda sér í skugganum af stóru tré svo að hann þyrfti ekki að vera í sólinni; nágrannarnir gátu því glöggst séð hvað tímanum leið með því að fylgjast með hreyfingum hans, rétt eins og hann væri sólúr. Reyndar heyrðist hann sjaldan tala, heldur tottaði hann pípu án afláts. Hollvinir hans (því allir miklir menn eiga sér hollvini) skildu hann aftur á móti fullkomlega og áttu ekki í neinum vandræðum með að lesa hugsanir hans. Þegar honum féll ekki það sem lesið var eða sagt, sást hann totta pípu ákaft og senda frá sér reiðilega reykjarstróka ótt og títt; en þegar honum féll það vel í geð dró hann reykinn hægt og rólega að sér og blés honum frá sér í ljósum og friðsældarlegum skýjum; og stundum tók hann pípu úr munnum, lét ilmandi reykinn hringast um nefið og kinkaði hátíðlega kolli til marks um fullkomna velþóknun.

Meira að segja úr þessu vígi var hinn ólánsami Rip rekinn af sinni skömmóttu eiginkonu. Hún æddi óforvarandis inn á þessa friðsælu samkomu og gerði lítið úr félögunum; var þessi lotningarverði maður, Nicholas Vedder sjálfur, ekki heldur óhultur fyrir hinum orðhvata vargi sem sakaði hann vafningalaust um að ýta undir dáðleysi eiginmanns síns.

Að lokum var veslings Rip farinn að örvænta; og eina leiðin til þess að losna undan puðinu á bænum og látunum í eiginkonunni var að taka sér byssu í hönd og röltu út í skóg. Þar settist hann stundum upp við tré og deildi innihaldi malsins síns með Úlfi, fann til með þessum þjáningabróður sínum. „Veslings Úlfur,“ sagði hann, „húsfreyjan þín gerir þetta að hundalífi fyrir þig, en hirtu ekki um það, karlinn minn, meðan ég lifi veistu hvar þú vin átt!“ Úlfur dillaði þá rófunni, horfði íhugull framan í eiganda sinn, og ef hundar geta fundið til samúðar trúi ég að hann hafi endurgoldið tilfinninguna af öllu hjarta.

Á ráfi sínu á fallettum haustdegi hafði Rip óvart klöngrast hátt upp í Kaatskillfjöllin. Hann var við þá eftirlætisiðju sína að skjóta íkorna og skothvellirnir höfðu bergmálað hvað eftir annað um friðsæl víðernin. Þreyttur og móður kastaði hann sér síðla dags á grænum hól þöktum fjallagróðri, efst á bjargbrún. Út á milli trjáanna sá hann yfir gjörvallt láglendið, skógi vaxið mílum saman.

Í fjarska sá hann tígulega Hudsonána, langt, langt fyrir neðan hann, streyma hljóðláta eftir sínum tignarlega farvegi og leyfa glampa af purpurarauðu skýi eða segli á hægfarena skútu að hvíla við spegilslétt brjóstið hér og þar, uns hún hvarf inn á milli blárra hæða.

Hinum megin horfði hann niður í djúpan dal, ósnortinn, afskekktan og úfinn, botninn fullur af klungri úr klettunum sem gnæfðu uppi yfir, og svo náðu geislar kvöldsólarinnar varla niður í hann. Rip lá stundarkorn og hugleiddi þessa sjón; birtu var tekið að bregða; fjöllin voru farin að varpa sínum löngu, bláu skuggum yfir dalina; hann sá að það yrði komið myrkur löngu áður en hann næði til þorpsins og dæsti þungan við tilhugsunina um að mæta ofstopa frá Van Winkle.

Hann var í þann mund að leggja af stað niður þegar hann heyrði einhvern húa í fjarska: „Rip Van Winkle, Rip Van Winkle!“ Hann skimaði í kringum sig en sá ekkert annað en stakan krumma fljúga yfir. Hann hélt að ímyndunaraflið hefði hlaupið með sig í gönur og var í þann veginn að leggja af stað aftur þegar hann heyrði sama hrópið óma um stillt kvöldloftið: „Rip Van Winkle! Rip Van Winkle!“ – um leið risu hárin á Úlfi, hann urraði lágt, skreið að hlið eiganda síns og horfði skelfdur ofan í dalinn þrönga. Rip fann nú óljósan beyg setjast að sér; hann horfði kvíðinn í sömu átt og sá undarlega veru í mannsmynd paufast hægt upp klettana, að kikna undan einhverri byrði. Hann var hissa að sjá mannveru á þessum afskekktu og fáförnu slóðum; en þar sem hann gerði ráð fyrir að þetta væri einhver úr grenndinni sem þyrfti á aðstoð að halda flýtti hann sér á móti henni.

Þegar hann kom nær furðaði hann sig enn frekar á sérkennilegu útliti ókunna mannsins. Þetta var stuttur og kubbslegur öldungur, með þykkt og mikið hár og grásprengr skegg. Hann var klæddur að gömlum, hollenskum sið – í klæðistreyju sem var reyrd í mittið – og hverjum pokabuxunum utan yfir aðrar, þær ystu vel víðar, skreyttar hnapparöðum niður hliðarnar og fellingar við hnén. Á öxlunum bar hann digran kút, sem virtist fullur af vökva, og gaf Rip bendingu um að koma og hjálpa sér við burðinn. Þótt Rip væri feiminn við þennan nýja kunningja og hefði vara á gagnvart honum, brást hann skjótt við að vanda; þeir léttu til skiptis hvor á öðrum og klöngruðust upp mjóan gilskorninginn þar sem áður virtist hafa

verið straumharður lækur. Á leiðinni upp heyrði Rip langdregnar drunur, eins og þrumur í fjarska, og var engu líkara en þær kæmu úr djúpu gljúfri, eða öllu heldur sprungu, milli hárra kletta sem hrjóstrugur stígurinn lá að. Hann dokaði við sem snöggvast, en þar sem hann gerði ráð fyrir að þetta væri muldur frá skammærri þrumuskúr eins og þeim sem oft verða á fjöllum, hélt hann áfram. Gljúfrið endaði í skúta, sem var eins og lítið hringleikahús, umkringgt þverhníptum hömrum, og út yfir brúnir þeirra stungust greinar af trjám sem slúttu yfir, svo sá einungis í skærbláan himininn og björt kvöldskýin með höppum og glöppum. Allan tímann höfðu Rip og förunautur hans paufast áfram án þess að segja orð; því þó að sá fyrrnefndi undraðist stórum að menn skyldu bera kút með vökva upp þetta torkleifa fjall, var eitthvað skrýtið og óskiljanlegt við hið ókunna, sem kveikti óttablandna lotningu og hélt kunnugleikanum í skefjum.

Þegar þeir komu í hringleikahúsið mættu honum nýjar furður. Á sléttum bletti í miðjunni var hópur skringilega útlítandi manna að leika keiluspil. Þeir voru klæddir á hjákátlegan og framandi hátt; sumir voru í nærskornum miðaldatreyjum, aðrir í mittistreyjum, með langa hnífa við belti sér, og flestir voru í afar víðum pokabuxum, svipuðum þeim sem leiðsögumaðurinn var í. Ásjónur þeirra voru líka einkennilegar: einn var með mikið skegg, breiðleitur og með lítil svínsleg augu; annar var ekkert nema nefið og ofan á því var sykurtoppshattur, skreyttur lítilli, rauðri hanastélsfjöður. Þeir voru allir með skegg, allavega lagað og litt. Einn þeirra virtist vera fyrirliðinn. Það var þrekvaxinn, gamall séntilmaður með veðurbarið andlit; hann var í reimaðri treyju, með breitt belti og sveðju, háan fjaðurhatt, í rauðum sokkum og þykkbotna, rósóttum skóm. Hópurinn minnti Rip á verur í gömlu, flæmsku málverki í stofunni hjá Dominie Van Shaick, prestinum í þorpínu, en það hafði komið frá Hollandi um það leyti sem menn námu land.

Það sem Rip fannst samt sérstaklega skrýtið var að þótt mennirnir væru greinilega að skemmta sér voru þeir grafalvarlegir á svip, yfir þeim hin dularfyllsta þögn, og aldrei hafði hann séð jafn sorgmædda menn að leik. Ekkert rauf kyrrðina nema hljóðin í kúlunum sem endurómuðu um fjöllin í hvert skipti sem þeim var rúllað, eins og drynjandi þrumugnýr.

Þegar Rip og förunautur hans nálgudust mennina, gerðu þeir skyndilega hlé á leiknum og störfðu einarðlega á hann, rétt eins og þeir væru styttnir, og voru svo skrytnir á svipinn, í senn óheflaðir og fráhrindandi, að hann fékk hland fyrir hjartað og skalf svo að hnén skullu saman. Förunautur hans tæmdi nú úr kútnum í stórar flöskur og gaf honum merki um að færa mönnunum þær. Skelfdur og skjálfandi hlýddi hann þessu; þeir slokuðu í sig drykkinn í grafarþögn, og sneru sér síðan að keilunum aftur.

Smátt og smátt rann beygurinn og lotningin af Rip. Hann gerðist meira að segja svo djarfur, þegar engin augu beindust að honum, að bragða á miðinum, sem honum fannst minna mjög á hollensk góðvín. Hann var auðvitað þyrstur maður og freistaðist fljótt til þess að fá sér annan sopa. Einn sopi leiddi til annars; og hann endurnýjaði kynnin við flöskuna svo oft að skynfærin voru ofurliði borin, augun urðu fljótandi og höfuðið seig smátt og smátt uns hann steinsofnaði.

Þegar hann vaknaði reyndist hann vera á græna hólnum þar sem hann hafði fyrst séð gamla manninn í dalnum þrönga. Hann nuddaði augun – upp var runninn bjartur og sólríkur morgunn. Fuglarnir flögruðu syngjandi milli runna og örninn hnitaði hringa uppi yfir, og bauð tærri fjallagolunni birginn. „Varla hef ég sofð hér í alla nótt,“ hugsaði Rip. Hann minntist atburðanna áður en hann sofnaði. Undarlega mannsins með vinkútinn – gljúfursins í fjallinu – skútans í klettunum – raunamæddu mannanna í keiluspilinu – flöskunnar – „Ó! Þessi flaska! Þessi ótætis flaska!“ hugsaði Rip, „hvað get ég nú sagt frú Van Winkle mér til afsökunar?“

Hann svipaðist um eftir byssunni sinni, en í stað hreinu, vel smurðu fuglabyssunnar fann hann gamla tinnubyssu við hliðina á sér, hlaupið þakið ryði, lásinn laflaus og skeftið ormétið. Nú grundaði hann að alvörugefnu drykkjumennirnir í fjöllunum hefði beitt sig brögðum og rænt byssunni eftir að hafa hellt í hann víni. Úlfur var líka horfinn, en hann kynni að hafa skontrað á eftir íkorna eða skothylki. Rip blístraði á hann og hrópaði nafn hans, en án árangurs; hrópið og blístrið bergmálaði um fjallið, en enginn hundur var sjáanlegur.

Hann ákvað að fara aftur þangað sem leikurinn fór fram kvöldið áður og ef hann hitti einhvern úr hópnum ætlaði hann að heimta

hundinn sinn og byssuna. Þegar hann hugðist ganga af stað voru limirnir stirðir og ekki eins hreyfanlegir og þeir áttu að sér að vera. „Þessi fjallafleti eiga ekki við mig,“ hugsaði Rip, „og ef ég verð rúmliggjandi sökum gigtar eftir þennan gleðskap, þá á ég sældarlíf með frú Van Winkle fyrir höndum.“ Með nokkrum erfiðismunum komst hann niður í dalverpið: hann fann gilskorninginn sem hann fór upp með förunaut sínum kvöldið áður; en honum til undrunar freyddi nú fjallalækur niður skorninginn, steiptist af einum steini á annan og fyllti dalverpið af fjörugu hjali. Hann skrönglaðist hið snarasta upp á bakkann og paufaðist þar í gegnum birkiþykni, lárviðartré og nornahesli og hnaut stundum um eða flæktist í villtum vínviði sem teygði vafninga sína eða klifurþræði frá einu tré til annars og bjó til eins konar net á vegi hans.

Loks kom hann þangað sem gilskorningurinn hafði opnast inn í hringleikahúsið; en hvergi hattaði nú fyrir slíku opi. Klettarnir mynduðu háan og órjúfanlegan vegg sem lækurinn féll fram af í samfelldri fiðurkenndri froðu og ofan í breiða og djúpa skál, svarta þar eð skógurinn í kring skyggði á hana. Hér varð veslings Rip því að láta staðar numið. Hann kallaði aftur og blístraði á hundinn sinn; eina svarið sem hann fékk var krunk nokkurra meinhægra krumma sem sveimuðu hátt uppi yfir feysknu tré þar sem það slútti yfir sólbjart hengiflug; óhultir þarna uppi virtust þeir horfa niður og hæðast að vandræðum mannsins. Hvað var til ráða? Það var langt liðið á morgun og Rip var glórhungraður enda hafði hann ekki fengið neinn morgunverð. Hann syrgði hundinn sinn og byssuna; hann kveið því að hitta konu sína; en ekki dygði að svelta uppi í fjöllum. Hann hristi hausinn, axlaði ryðgaða tinnubyssuna og með hjartað fullt af áhyggjum og angist sneri hann heim á leið.

Þegar hann nálgæðist þorpið mætti hann mörgu fólki, en engum sem hann þekkti. Það kom honum svolítið á óvart, því hann hafði talið sig kannast við alla í sveitinni. Fólkið var líka klætt á annan hátt en hann var vanur. Það mændi ekki síður hissa á hann og í hvert skipti strauk það undantekningarlaust hökuna. Þar sem þetta látæði var endurtekið hvað eftir annað gerði Rip þetta ósjálfrátt líka og þá komst hann að því sér til undrunar að hann var með skegg niður á bringu!

Hann var nú kominn að bæjarmörkunum. Hópur ókunnugra barna hljóp á eftir honum, gerði hróp að honum og benti á grátt skeggið. Hundarnir, sem hann kannaðist ekkert við, geltu líka á hann þegar hann fór hjá. Þorpið sjálft var breytt; það var stærra og þar bjuggu nú fleiri. Þarna voru mörg hús sem hann hafði aldrei séð áður og þau sem hann hafði vanið komur sínar í voru horfin. Á dyrunum voru ókunnugleg nöfn – ókunnugleg andlit í gluggunum – allt var ókunnugt. Hann fór nú að gruna ýmislegt; hann fór að spyra sig hvort bæði hann og heimurinn umhverfis væru í álögum. Þetta gat ekki verið þorpið sem hann hafði farið frá bara daginn áður. Þarna stóðu Kaatskillfjöllin – þarna rann silfurlit Hudsonáin í fjarska – þarna var sérhver hæð og hóll á nákvæmlega sama stað og áður. Rip vissi ekki hvaðan á hann stóð veðrið. „Þessi flaska í gær,“ hugsaði hann, „hún hefur ruglað mig rækilega í ríminu!“

Hann átti í nokkrum erfiðleikum með að finna leiðina að húsinu sínu, sem hann nálgadist í þögulli og óttablandinni lotningu, bjóst á hverri stundu við að heyra skræka röddina í frú Van Winkle. Húsið reyndist vera í niðurníðslu – þakið hrundi, gluggarnir brotnir og hurðirnar farnar af hjörunum. Hálfoltinn hundur sem líktist Úlfi var þarna á vappi. Rip kallaði á hann með nafni, en hvutti urraði, sýndi tennurnar, og stakk af. Þetta var heldur óskemmtileg óvirðing. „Meira að segja hundurinn minn er búinn að gleyma mér!“ dæsti veslings Rip.

Hann gekk inn í húsið þar sem frú Van Winkle hafði í sannleika sagt alltaf haft allt í röð og reglu. Það var autt og yfirgefið. Þessi eyðileiki vann bug á ótta hans við konu sína – hann kallaði hátt á hana og börnin – röddin ómaði sem snöggvast um einmanaleg herbergin en svo tók þögnin við á ný.

Hann flýtti sér burt og hraðaði sér á gamla staðinn sinn, þorp-skrána, en hún var líka horfin. Stórt óhrjálegt timburhús var komið í staðinn, með stórum gapandi gluggum, sumir brotnir, og gömlum höttum og millipilsum troðið í götin, og yfir dyrnar hafði verið málað: „Sambandshóтелиð, eigandi Jonathan Doolittle.“ Í stað stóra trésins, sem hafði haldið hlífiskildi yfir þessari yfirlætislausu krá forðum, stóð nú há og ber stöng, með einhverju efst sem líktist rauðri nátthúfu, og frá henni flaksaðist fáni þar sem safnað hafði verið saman stjörnum og röndum – allt var þetta undarlegt og ill-

skiljanlegt. Á merkinu kannaðist hann þó við rauðleitt andlit Georgs konungs en undir því hafði hann löngum tottað pípu sína í friði og ró; jafnvel það var gjörbreytt. Í stað rauða frakkans var kominn blár og dumbgulus frakki, í hendinni var sverð í stað veldissprota, höfuðið var prýtt hatti með uppbrettum börðum og undir stóð málað með stórum stöfum: WASHINGTON HERSHÖFÐINGI.

Að vanda var fjöldi fólks við dyrnar, en enginn sem Rip mundi eftir. Fólkið virtist líka öðruvísi í hátt. Þarna var ærlegur ys og þys í stað lognmollunnar og syfjulegu friðsældarinnar sem hann var vanur. Án árangurs svipaðist hann um eftir hinum breiðleita Nicholas Vedder, með undirhökuna og löngu, snotru pípuna, þessum vitringi sem sendi frá sér tóbaksský í stað þess að setja á fánýtar ræður; eða Van Bummer, skólástjórannum sem var vanur að lesa upp úr eldgömlu dagblaði. Í stað þeirra var kominn mjósleginn og geðvonskulegur náungi, með vasana fulla af dreifimiðum, og þusaði hann af miklum móð um borgaraleg réttindi – kosningar – þingmenn – frelsi – Bunkerhæð – hetjurnar frá sjötíu og sex – og fleira sem hinn ringlaði Van Winkle skildi hvorki upp né niður í.

Þegar Rip bar að garði með sitt síða, gráa skegg, ryðgaða fuglabyssuna, kauðalega klæddur og með stóð af konum og krökkum á hælunum, varð fljótt uppi fótur og fit meðal stjórnvitringanna á kránni. Þeir hópuðust að honum, skoðuðu hann frá toppi til táar af mikilli forvitni. Ræðumaðurinn kom askvaðandi, dró hann ögn afsíðis og spurði „hvorn hann hefði kosið“. Rip starði á hann án þess að skilja upp né niður. Annar lágvaxinn og framtakssamur maður tók undir handlegginn á honum, tyllti sér á tá og spurði hreint út „hvort hann væri sambandssinni eða lýðræðissinni“. Rip átti jafn erfitt með að skilja þessa spurningu. Þá bar að íbygginn, heldri mann, krýndan glæsilegum hatti með uppbrettum börðum. Hann tók sig hátíðlega, þar sem hann lagði leið sína gegnum þröngina, olnbogaði sig áfram, og tók sér stöðu frammi fyrir Van Winkle, með aðra hönd á mjöðm, hina á staf. Frán augun og hvass hatturinn boruðu sig svo gott sem beint inn í sál hans þegar hann spurði hryssingslega: „Hvað dró hann á kjörstað með byssu á öxlinni og múg á hælunum; og hugðist hann efna til óeirða í þorpinu?“ – „Seiseinei, herrar mínir,“ hrópaði Rip, nokkuð brugðið, „ég er vesall

og friðsamur maður, heimamaður hér um slóðir, og dyggur þegn konungsins, Guð blessi hann!“

Nú braust út mikil háreysti meðal nærstaddra – „Konungssinni! Konungssinni! Njósvari! Flóttamaður! Flæmum hann burt! Burt með hann!“ Maðurinn með hattinn, sem tók sig svo hátíðlega, þurfti að hafa mikið fyrir því að stilla til friðar á ný; og þegar hann hafði gerst tíu sinnum brúnaþyngri spurði hann kauða aftur í hvaða erindagjörðum hann væri og að hverjum hann leitaði. Veslingsmaðurinn fullvissaði hann í allri auðmýkt um að hann hefði ekkert illt í hyggju, heldur hefði hann einungis ætlað að finna nokkra af nágrönnum sínum sem höfðu vanið komur sínar á krána.

„Ja – hverjir eru það? – nefndu þá.“

Rip hugsaði sig um sem snöggvast og spurði: „Hvar er Nicholas Vedder?“

Það varð stundarþögn en svo svaraði gamall maður veiklulegum og hásum rómi: „Nicholas Vedder! Ja, það eru átján ár síðan hann gaf upp öndina! Það var trékross á leiðinu hans þar sem stóð allt um hann en hann er fúnaður og farinn líka.“

„Hvar er Brom Dutcher?“

„O, hann gekk í herinn í stríðsbyrjun; sumir segja að hann hafi fallið í árasinni á Steinhöfða – aðrir segja að hann hafi druknað í glundroðanum við rætur fjallsins Antonsnef. Ég veit það ekki – við sáum hann aldrei aftur.“

„Hvar er Van Bummer, skólastjórinn?“

„Hann fór líka í stríðið, varð mikill herforingi í þjóðvarðliðinu og situr núna á þingi.“

Hjartað sökk í Rip við að heyra af þessum dapurlegu breytingum á heimahögum hans og vinahópi og við að verða svona einn í heiminum. Sérhvert svar var honum líka ráðgáta vegna þess hvað það vitnaði um mikla tímaeyðu, jafnt og mál sem hann áttaði sig ekki á: stríð – þing – Steinhöfða – hann hafði ekki kjark til að spyrjast fyrir um fleiri vini heldur hrópaði upp í örvæntingu: „Kannast enginn við Rip Van Winkle?“

„Ó, Rip Van Winkle!“ hrópuðu tveir eða þrír upp. „Jú, svo sannarlega! Þetta er Rip Van Winkle þarna fyrir handan, hallandi sér upp að tré.“

Rip leit þangað og sá nákvæma eftirlíkingu af sjálfum sér þar

sem hann hélt upp í fjallið; greinilega jafn letilegur og sannarlega jafn tötralegur. Veslings manninum var nú öllum lokið. Hann hafði efasemdir um sjálfan sig og hvort hann væri hann sjálfur eða einhver annar. Mitt í þessari örvinglan spurði maðurinn með barðastóra hattinn hver hann væri og hvað hann hétí.

„Það má Guð vita,“ hrópaði hann upp, viti sínu fjær; „ég er ekki ég sjálfur – ég er einhver annar – þetta er ég þarna fyrir handan – nei – þetta er einhver annar sem hefur farið í skóna mína – ég var ég sjálfur í gærkvöldi, en ég sofnaði uppi í fjalli og þeir hafa skipt út byssunni minni, og allt er orðið breytt, og ég er breyttur, og ég veit ekki hvað ég heiti, eða hver ég er!“

Nærstaddir litu nú hver á annan, kinkuðu kolli, drógu annað augað íbyggjnr í pung og drápu fingrunum á ennið. Það var líka hvíslað, um að ná byssunni af gamla manninum og koma í veg fyrir að hann gerði eitthvað af sér, en þegar maðurinn með barðahattinn, sem tók sig svo hátíðlega, heyrði það dró hann sig snarlega í hlé. Á þessari ögurstundu þröngvaði frökk og lagleg kona sér í gegnum þvöguna til að geta barið gráskeggjaða manninn augum. Hún hélt á hnellnum krakka sem varð skelfingu lostinn þegar hann sá manninn og fór að gráta. „Svona, svona, Rip,“ æpti hún, „svona, svona, litli kjáni; gamli maðurinn gerir þér ekkert.“ Nafn barnsins, fas konunnar, raddblærinn, allt kallaði það fram minningar í huga hans. „Hvað heitirðu, kona góð?“ spurði hann.

„Judith Gardenier.“

„Og hvað heitir faðir þinn?“

„Ah, veslings maðurinn, Rip Van Winkle hét hann, en það eru tuttugu ár síðan hann fór að heiman með byssuna sína og síðan hefur ekkert spurst til hans – hundurinn hans kom heim án hans; en hvort hann skaut sig eða var numinn á brott af indíánum veit enginn. Ég var bara smástelva þá.“

Rip hafði bara eina spurninguna í viðbót; en hann bar hana upp með sprakri röddu:

„Hvar er móðir þín?“

„Ó, hún dó fyrir stuttu; það sprakk æð í henni þegar hún æsti sig við farandsala frá Nýja-Englandi.“

Þarna var þó að minnsta kosti smáhuggun, í þessum fréttum. Þessi góði maður gat ekki haldið aftur af sér lengur. Hann tók utan

um dóttur sína og krakkann hennar. „Ég er faðir þinn!“ hrópaði hann upp – „Ég var hinn ungi Rip Van Winkle einu sinni – nú er ég gamli Rip Van Winkle! – Man enginn eftir veslings Rip Van Winkle?“

Allir stóðu þarna þrumu lostnir þar til gömul kona skjögraði út úr mergðinni, bar hönd fyrir augu og horfði stíft í andlit hans sem snöggvast, hrópaði síðan upp: „Ja, hérna! Þetta er Rip Van Winkle – þetta er hann sjálfur! Velkominn heim aftur, gamli granni. Hvar hefurðu haldið þig þessi tuttugu ár?“

Saga Rips var brátt sögð því þessi tuttugu ár höfðu verið honum sem ein nótt. Nágrannarnir ráku upp stór augu þegar þeir heyrðu það; sumir sáust blikka hver annan og glotta út í annað; og maðurinn með barðahattinn, sem hafði tekið sig svo hátíðlega og komið aftur þegar sljákkaði í fólki, dró niður munnvikin og hristi höfuðið – og þá hristi mannsöfnuðurinn allur höfuðið.

Það varð aftur á móti að ráði að leita álits hjá Peter gamla Vanderdonk, sem sást staulast í áttina til þeirra. Hann var kominn af samnefndum sagnfræðingi sem var með fyrstu sagnariturum héraðsins. Peter var elstur manna í þorpinu og vel að sér um hinar dásamlegu sögur og sagnir svæðisins. Hann þekkti Rip undir eins aftur og staðfesti frásögn hans með óyggjandi hætti. Hann fullvissaði fólkið um að það væru alltaf undarlegar verur á kreiki í Kaatskillfjöllum og hafði það eftir forföður sínum sagnfræðingnum. Það var staðfest að hinn mikli Hendrick Hudson, sá sem fyrstur fann ána og landið, hefði haldið þar eins konar vöku á tuttugu ára fresti ásamt áhöfninni af *Hálfmána*; þannig gafst honum kostur á að vitja á ný staðanna sem hann hafði fundið og gat haft auga með ánni og borginni miklu sem báru nafn hans. Að faðir hans hefði einu sinni séð þá í gömlu, hollensku klæðunum sínum í keiluspili í skúta uppi í fjalli; og að hann hefði sjálfur heyrt hljóðið í kúlunum þeirra sumardag einn, eins og fjarlægagan þrumugný.

Til að gera langa sögu stutta, þá tvístraðist hópurinn og sneri sér aftur að því sem meira var um vert, kosningunum. Dóttir Rips veitti honum húsaskjól; hún átti notalegt, vel búið hús og kraftmikinn og glöðværan eiginmann sem Rip mundi að hafði verið í hópi snáðanna sem príluðu upp á bakið á honum forðum. Sonur Rips og erfingi, sem var nauðalíkur honum þar sem hann sást halla

sér upp að tré, var vinnumaður á bænum, en hafði bersýnilega erft þá tilhneigingu að sinna frekar öðru en því sem til var ætlast.

Rip tók nú aftur upp sína fyrri göngutúra og siði; hann hafði uppi á mörgum af sínum gömlu félögum þó að tímans tönn hefði bitið þá alla; og kaus heldur að afla sér vina meðal yngri kynslóðarinnar sem tók fljótlega ástfóstri við hann.

Þar sem hann hafði ekki að neinu að hverfa heima fyrir, og var kominn á þann aldur að geta leyft sér að liggja á liði sínu, settist hann aftur í sætið sitt á bekknum við krárdyrnar og var virtur sem einn af ættfeðrum þorpsins og sem fræðapúllur um tímana „fyrir stríð“. Þegar fram liðu stundir komst hann inn í hlutina aftur og fór að átta sig á þeim undarlegu atburðum sem höfðu orðið meðan hann lá í dvala. Að stjórnarbylting hefði verið gerð – að þjóðin hefði varpað af sér klafa gamla Englands – og í stað þess að vera þegn hans hátignar Georgs þriðja væri hann nú frjáls borgari í Bandaríkjunum. Rip var satt að segja lítill stjórnvitringur; breytingar á stjórnarfari í ríkjum og heimsveldum höfðu lítil áhrif á hann; en undan einu formi hardstjórnar hafði hann lengi kveinkað sér og það var – pilsastjórn. Til allrar hamingju var hún liðin undir lok; hann gat nú um frjálst höfuð strokið og gengið inn og út eins og honum lysti án þess að óttast ógnarstjórn frú Van Winkle. Ef hana bar á góma hristi hann hins vegar höfuðið, yppti öxlum og ranghvolfdi augunum; sem mátti ýmist túlka sem merki um að hann hefði sætt sig við örlög sín eða sem feginleik yfir að vera laus úr ánaud.

Hann sagði hverjum einasta aðkomumanni sem lagði leið sína á hótél herra Doolittles sögu sína. Í fyrstu skiptin var eftir því tekið að honum bar ekki alltaf saman í öllum atriðum þegar hann sagði söguna, sem helgaðist án efa af því að hann var svo nývaknaður af dvalanum. Að lokum hljóðaði hún nákvæmlega eins og ég hef haft hana eftir og það fannst ekki sá karlmaður, kona eða barn í þorpinu sem ekki kunni hana utan að. Sumir þóttust alltaf draga sannleiksgildi hennar í efa og héldu því statt og stöðugt fram að hann hefði ekki verið með öllum mjalla og að hann hefði ævinlega farið undan í flæmingi þegar hún barst í tal. Gömlu Hollendingarnir í þorpinu lögðu hins vegar fullan trúnað á hana, nánast allir með tölu. Enn þann dag í dag mega þeir ekki heyra þrumur í Kaatskillfjöllum að afliðnum sumardegi án þess þeir hafi á orði að Hendrick Hudson og

skipverjar hans séu í keiluspili; og það er algengt að eiginmenn sem búa við ofríki hér um slóðir óski þess þegar á móti blæs að þeir gætu fengið slurk úr könnu Rips Vans Winkles sér til hugarhægðar.

Athugasemd

Ekki er ólíklegt að hr. Knickerbrocker hafi fengið hugmyndina að sögunni hér að ofan úr þýskri munnmælasögn um keisarann Frederick *der Rotbart* og Kypphäuserfjall: hjálögð athugasemd, sem hann lét fylgja sögunni, sýnir að þetta er dagsatt og lýst af þeirri nákvæmni sem hann tamdi sér.

„Mörgum kann að þykja sagan af Rip Van Winkle ótrúleg, en samt sem áður legg ég fullan trúnað á hana vegna þess að ég veit að yfirnáttúrlegir atburðir og fyrirburðir hafa orðið í grennd við hinar gömlu byggðir Hollendinga. Ég hef reyndar heyrt furðulegri sögur en þessa í þorpunum meðfram Hudsonánni; allar höfðu þær verið svo rækilega sannreyndar að enginn efi komst að. Ég hef meira að segja talað við Rip Van Winkle sem var virðulegur, gamall maður og svo fullkomlega rökvis og sjálfum sér samkvæmur í öllum at-riðum að enginn heilvita maður gæti að mínu mati neitað að taka þetta gilt; nei, ég hef séð skírteini um málið lagt fyrir dómara og undirritað með krossi, með rithendi dómarans sjálfs. Sagan er því hafin yfir allan vafa.“ – „D.K.“

Rúnar Helgi Vignisson þýddi úr ensku